

16. nóvember er dagur íslenskrar tungu

Frá því ákveðið var að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, yrði dagur íslenskrar tungu á hvert hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það, í góðu samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Meðal atburða tengda deginum eru eftirfarandi:

Íslenska til alls –tillögur að íslenskrí málstefnu

Á degi íslenskrar tungu, sunnudaginn 16. nóvember, verður hátíðardagskrá í hátíðasal Háskóla Íslands kl. 14:00-15:30. Kynntar verða tillögur að íslenskrí málstefnu, Íslenska til alls, sem Íslensk málnefnd hefur unnið að undanfarin ár. Menntamálaráðherra mun kynna málstefnuna og veita Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Einnig mun Guðrún Kvaran, formaður íslenskrar málnefndar, fjalla um tilurð íslenskrar málstefnu og vinnu við hana auk

tónlistaratriða, upplesturs og fleiri erinda um málstefnuna.

Fjölbreytt dagskrá í Þjóðmenningarhúsinu

Opið hús og fjölbreytt dagskrá í [Þjóðmenningarhúsinu](#). Sýningar standa opnar frá kl. 11 en kl. 13 og kl. 15 verður í boði sérstök fjölskylduleiðsögn um handritasýningu Árnastofnunar í Þjóðmenningarhúsinu. Klukkan 14 flytur Tryggvi Gíslason magister fyrirlestur sem hann kallar Myndin af Jónasi Hallgrímssyni.

Grunnskólar

[Stóra upplestrarkeppnin](#) hefst formlega á degi íslenskrar tungu; eldri börnin koma í bekkni yngri barna og lesa upp sögur og ljóð; verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs lesa upp; ljóða- og smásagnasamkeppni; ljóð Jónasar Hallgrímssonar kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir.

Námsháttastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Skýrslutækni félag Íslands halda í ár [nýrðasamkeppni](#) á miðstigi grunnskóla þar sem skólabörn eru beðin að finna íslensk heiti fyrir nokkur erlend orð.

Vefir um Jónas Hallgrímsson

Vefur Mjólkursamsölnunar um Jónas Hallgrímsson. Mjólkursamsalan, í samstarfi við Hvíta húsið, hefur útbúið vef með íslenskum náttúruljóðum, www.jonas.ms.is.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn opnaði vef um Jónas Hallgrímsson 16. nóvember 2006 á degi íslenskrar tungu. Vefurinn var unninn að tillögu nefndar sem skipuð var af menntamálaráðherra í tilefni 200 ára fæðingarafmælis þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar. Markmiðið með vefnum er að heiðra minningu Jónasar, kynna verk hans og gera þau aðgengileg á vefnum og vekja athygli á vísindastörfum Jónasar. Slóðin á vefinn er www.JonasHallgrimsson.is

Nánari upplýsingarnar um viðburðina eru á vef menntamálaráðuneytis: www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/

Hátíðardagskrá í Skriðu

Föstudaginn 14. nóvember standa nemar á íslenskukjörsviði menntavísindasviðs Háskóla Íslands fyrir hátíðardagskrá í húsakynnum sínum við Stakkahlíð. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra opnar dagskrána formlega í Skriðu, fyrirlestrarsal skólans, kl. 13.00.

Ný menntastefna kynnt í Vestmannaeyjum og á Ísafirði

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir kynningarfundum um nýja menntastefnu um land allt í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla. Kynningarfundirnir eru mikilvægur liður í inleiðingu nýrrar menntalöggjafar og eru umræðurnar sem þar skapast gott veganesti fyrir þá vinnu.

Næstu fundir verða haldnir 17. nóvember í Framhaldsskóla

Vestmannaeyja kl. 16:15 og þann 19. í Menntaskólanum á Ísafirði kl. 20:00. Kynningarfundir um nýja menntastefnu eru öllum opnir og er skólafólk, kennarar, nemendur, foreldrar og annað áhugafólk um menntakerfið sérstaklega hvatt til að mæta á fundina, hlýða á erindi og taka þátt í umræðum. Nánari upplýsingar má nálgast á vefnum nyrmenntastefna.is

Úthlutun styrkja frá Menningarráði Suðurlands



Þriðja úthlutun [Menningarráðs Suðurlands](#) fór fram við hátíðlega athöfn í Veiðisafninu á Stokkseyri 6. nóvember. Starfsemi ráðsins byggir á samningi menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og sveitarfélaga um eflingu menningarstarfs á Suðurlandi, sem undirritaður var í maí 2007. Þetta var í þriðja skipti sem styrkjum er úthlutað, en við úthlutun var tekið mið af sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið hafði samið.

Afhending styrkjanna var um leið upphafið að mikilli menningardagskrá á Suðurlandi um nýliðna helgi, sem haldin var undir yfirskriftinni „Safnahelgi á Suðurlandi – matur og menning úr héraði.“

Að þessu sinni var úthlutað um 11 milljónum króna til 36 verkefna, og hefur því verið úthlutað samtals 32 milljónum króna til um 90 verkefna á þessu ári.

Hæstu styrkina, 700 þúsund krónur, hlutu Alvarlega félagið ehf. vegna myndlistarverkefnisins „Ferjustaðir við Ölfusá“ og Anna S. Árnadóttir vegna stofnunar lista- og tungumálamiðstöðvarinnar HUX, en þar er ætlunin að fræða börn um listir og menningu á erlendum tungumálum. Veittir voru 500 þúsund króna styrkir til „Drepstokks 2009“, menningarhátíðar unga fólksins á Suðurlandi á vegum Ungmennahúss Árborgar, sem og til verkefnis á vegum Byggðasafns Árnesinga sem nefnist „Hvar varst þú 29. maí 2008?“, loks fékk unglingakór Selfoskirkju styrk að sömu upphæð vegna tónleikanna „Íslenskir söngdansar.“

Aðrir styrkir voru frá 100 til 400 þúsund krónum, og var um að ræða fjölbreytt verkefni á öllum sviðum menningarlífsins - í leiklist, tónlist, til menningarviðburða, listahátíða og rannsókna, svo eitthvað sé nefnt.

